



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2024

STÆR1BB05


Námsáætlun

Viðfangsefni áfangans:

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir liðun og þáttun í algebru, velda og rótareikning, hlutföll og prósentur sem og hnitakerfið. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

Námsgögn:

- **UPP Á PUNKT** – höfundur: Kjartan Heiðberg. Útgefandi: Iðnú, 2009.
- Annað efni í samráði við kennara
- Vasareiknir og A4 rúðustrikuð vinnubók



Námsmat:

Nemendur eru hvattir til að sinna náminu samviskusamlega og tileinka sér skipulögð vinnubrögð en ástundun í tíma og virkni gilda samtals 20% af heildareinkunn áfangans. Stöðupróf úr köflum gilda svo 80% af annareinkunn.

Lokaeinkunn skiptist svona:

vægi lokaprófs er:	80%
vægi annareinkunnar er	20%

Annareinkunn skiptist svona:

vægi lotuprófa	80%
ástundun og virkni	20%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Vera virkur í kennslustundum
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Ábending frá kennurum:

Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir F.

Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil.

Notkun á fartölvum og snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennarans.

Nemanda ber að mæta ávallt með tilskilin kennslugögn í kennslustundir og virða vinnufrið annarra. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr tíma og skrá fjarvist á hann ef hann brýtur þessar reglur.

Yfirferðaráætlun:

Vika	Efni
1 - 7	Algebra – Liðun og þáttun
8 - 10	Veldi
11 – 12	Rætur
13 - 19	Hlutföll og prósentur

Ath. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

FSu 4. janúar 2024

Kennarar: Jón Grétar Hafsteinsson (JH), Kristjana Sigríður Skúladóttir (KSS) og Stefán Birnir Sverrisson (SBS).